

REGLUGERÐ BTÍ UM ÍSLANDSMÓT

1. gr.

Keppnisflokkar og aðgengi.

BTÍ gengst fyrir Íslandsmóti í borðtennis, Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga ár hvert. Auglýsa skal keppni í eftirtöldum flokkum og aldursflokkum:

Íslandsmót karla og kvenna:

- Einliðaleikir:
 - Meistaraflokkur karla
 - Meistaraflokkur kvenna
 - 1. flokkur karla
 - 1. flokkur kvenna
 - 2. flokkur karla
 - 2. flokkur kvenna
- Tvíliðaleikir
 - Opinn flokkur karla
 - Opinn flokkur kvenna
- Tvenndarkeppni.
 - Opinn flokkur

Íslandsmót unglunga:

- Einliðaleikir: Drengir (16-18 ára), sveinar (14-15 ára), piltar (12-13 ára), hnokkar (yngri en 11 ára), stúlkur (16-18 ára), meyjar (14-15 ára), telpur (12-13 ára), tátur (yngri en 11 ára).
- Tvíliðaleikir: Drengir (16-18 ára), sveinar (14-15 ára), piltar (13 ára og yngri), stúlkur (16-18 ára), meyjar (14-15 ára) og telpur (13 ára og yngri).
- Tvenndarkeppni 16-18 ára, 14-15 ára og 13 ára og yngri.

Íslandsmót öldunga:

- Einliðaleikir: Öldungar karlar 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára og eldri, öldungar konur 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára og eldri.
- Tvíliðaleikir: Öldungar karlar 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára og eldri, öldungar konur 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára og eldri
- Tvenndarleikir: Öldungar 40 ára og eldri.

Aldursflokkar á Íslandsmótum eru kynjaskiptir, þ.e. aðeins körlum er heimiluð þátttaka í karlaflokkum og konum aðeins heimiluð þátttaka í kvennaflokkum.

Heimilt er BTÍ að halda Íslandsmót fatlaðra í samvinnu við Íþróttasamband fatlaðra (ÍF). Sé það gert skal BTÍ gæta þess að mótið samræmist keppnisreglum Alþjóða borðtennissambandsins (ITTF), sé auglýst með sama hætti og önnur Íslandsmót á heimasíðu BTÍ og stuðla að góðri og formlegri keppnisumgjörð. Skal mótið þá hafa gildi á styrkleikalista BTÍ, í samræmi við reglugerð um styrkleikalista.

Lágmarksþátttaka í hverjum aldursflokki eru tveir í einliðaleik og tvö þör í tvíliðaleik og tvenndarleik á Íslandsmóti karla og kvenna, Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga til að keppni fari fram í flokknum. Ef flokkur uppfyllir ekki þessi skilyrði verður keppni í flokknum sameinuð keppni í næsta flokki fyrir ofan í aldursflokkum unglunga, ef keppt er í þeim flokki, en í næsta aldursflokki fyrir neðan í aldursflokkum öðlinga ef það er keppt í þeim flokki. Annars skal keppt sameiginlega með næsta aldursflokki fyrir neðan í unglungaflokki og næsta aldursflokki fyrir ofan í öðlingaflokki. Þó skal keppt þannig að þeir keppendur sem flytjast í annan flokk hafi ekki áhrif á úrslit í þeim flokki sem þeir sameinast, þ.e. að keppa þarf í riðli þar sem allir leika við alla. Ef leikið er í tveimur riðlum fari keppendur úr öðrum aldursflokki ekki í undanúrslit. Veittur er Íslandsmeistaratitill í öllum flokkum þar sem skráðir eru keppendur til leiks.

2. gr.

Tímasetning Íslandsmótanna.



REGLUGERÐ BTÍ UM ÍSLANDSMÓT

Íslandsmótin í borðtennis skulu fara fram á tímabilinu febrúar-maí ár hvert. Íslandsmót unglunga og Íslandsmót öldunga skulu fara fram á öðrum tíma en Íslandsmót karla og kvenna.

3. gr.

Fyrirkomulag keppni.

Keppni á Íslandsmóti skal þannig háttað að keppni í tvenndarleik ljúki fyrri daginn, en aðrir úrslitaleikir verði í röð síðari daginn. Meistara frá fyrra ári skal raða fyrst.

Í öllum flokkum á Íslandsmótum skal raða að lágmarki fjórum keppendum, jafnvel þótt keppendur séu færri en 12.

4. gr.

Röðun í keppni á Íslandsmótum og með hvaða hætti leikið er.

Í meistaraflokki karla og kvenna skulu leiknar 4-7 lotur. Í öllum öðrum flokkum skulu leiknar 3-5 lotur.

Íslandsmeistara frá fyrra ári skal raða fyrst. Síðan skal farið eftir styrkleikalista. Í öllum flokkum á Íslandsmótum skal raða að lágmarki fjórum keppendum, jafnvel þótt keppendur séu færri en 12.

Keppni á Íslandsmóti karla og kvenna skal höfð með útsláttarfyrirkomulagi í einliða- og tvíliðaleik og tvenndarkeppni.

Á Íslandsmótinu 2026 skal þó keppt í riðlum í einliðaleik í öllum einliðaleiksflokkum með eftirfarandi hætti:

- Taki fimm eða færri leikmenn þátt í flokki skal leikið með beinum útslætti líkt og fyrr.
- Taki sex eða fleiri leikmenn þátt í flokki skal keppt í þriggja manna riðlum (og einum til tveimur fjögurra manna riðlum gangi leikmenn af) þar sem tveir leikmenn komast áfram og beinum útslætti að því loknu.
- Í meistaraflokki karla og kvenna skulu þeir leikmenn sem hljóta röðun skv. 17. gr. keppnisreglna BTÍ sleppa við riðlakeppni og komast beint áfram í útsláttinn, séu 33 leikmenn eða fleiri skráðir til leiks í flokknum.
- Að öðru leyti skal raða einum leikmanni í hvern riðil keppinnar í meistaraflokki (dæmi: 8 riðlar = 8 leikmenn fá röðun).

Þá skulu 1. og 2. flokkar karla og kvenna leiknir á sér keppnishelgi árið 2026.

Á Íslandsmóti unglunga og öldunga skal keppni í einliðaleik fara fram í riðlum, sbr. 5. gr. hér á eftir, en í tvíliðaleik og tvenndarkeppni skal leikið með útsláttarfyrirkomulagi. Þó skal keppni í tvíliðaleik og tvenndarkeppni á Íslandsmóti unglunga og öldunga fara fram í riðlum ef þrjú þör eru skráð í viðkomandi flokki.

5. gr.

Fyrirkomulag keppni í einliðaleik á Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga.

Keppni í einliðaleik á Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga fer fram í tveimur stigum. Í fyrsta stigi er keppt í riðlum, fjöldi riðla fer eftir þátttöku í flokknum t.d.

- 2-6 allir við alla, 1 riðill.
- 7-11 allir við alla, 2 riðlar.
- 12-16 allir við alla, 4 riðlar, 3-4 í riðli.
- 17 og fleiri allir við alla, 4-5 í riðli.

Annað stig, útsláttarkeppni. Þar er keppt til úrslita en á mismunandi hátt eftir þátttöku í hverjum flokki.:

- 2 riðlar. Tveir efstu menn í hvorum riðli leika í kross og sigurvegararnir leika síðan til úrslita.
- 4 riðlar. Tveir efstu menn í hverjum riðli í 8 manna úrsláttartöflu. Sigurvegarar raðast í sæti þ.e. í sæti 1,4,5 og 8.



REGLUGERÐ BTÍ UM ÍSLANDSMÓT

Þeir sem lenda í öðru sæti í riðli fara í andstæðan helming við sigurvegara.

- 5-8 riðlar. Tveir efstu menn í 16 manna úrsláttartöflu. Sigurvegurum raðað í sæti.
- 9 riðlar eða fleiri. Tveir efstu menn í 16 manna úrsláttartöflu með forleikjum. Sigurvegurum raðað í sæti eftir því sem hægt er.

6. gr.

Tilkynning um úrslit til fjölmiðla.

Mótsstjórnir Íslandsmótanna skulu í lok hvers Íslandsmóts skila úrslitum til stjórnar BTÍ. Stjórn BTÍ er skylt að tilkynna öllum íþróttadeildum fjölmiðla úrslit Íslandsmótsins um leið og þau hafa borist frá mótsstjórn.

7. gr.

Framkvæmd.

Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um framkvæmd Íslandsmótsins.

8 gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um Íslandsmót BTÍ þar með úr gildi.

Reglugerð um Íslandsmót er í 8 greinum.

28.10.2006. Stjórn BTÍ gerði breytingar á aldursskiptingu á Íslandsmóti unglunga á fundi sínum 8. mars 2006. Þannig verði keppt í 16-18 ára aldursflokki í stað 16-17 ára og að við bætist nýr flokkur 19-21 árs. Þessar breytingar verða lagðar fyrir þing BTÍ 22. nóvember 2006 til staðfestingar.

27.10.2016 Stjórn BTÍ gerði breytingar á aldursskiptingu á Íslandsmóti unglunga á fundi sínum 27. október 2016. Þannig verður hætt keppni í 19-21 árs aldursflokki, sbr. breytingu frá 2006, en við bætast flokkar 13 ára og yngri í tvíliðaleik. Þá var bætt inn ákvæði um að tvenndarkeppni skyldi skipt í flokkana 16-18 ára og 15 ára og yngri, líkt og tíðkast hefur í keppni undanfarin ár.

10.09.2017 Stjórn BTÍ bætti tvenndarleik 13 ára og yngri við flokka á Íslandsmóti unglunga – til samræmis við aldursflokka í tvíliðaleik og einnig til samræmis við góða þátttöku í flokki 15 ára og yngri. Niðurlagi 6. greinar var breytt úr „um leið og þau liggja fyrir“ í „um leið og þau hafa borist frá mótsstjórn.“

11.02.2021 Stjórn BTÍ bætt inn flokkum 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára og eldri í tvíliðaleik á Íslandsmóti öldunga.

28.01.2025 Stjórn BTÍ gerði þá breytingu fyrir Íslandsmót 2025 að keppt skyldi í riðlum í einliðaleik í meistaraflokki sbr. 4. gr.

18.03.2025 Stjórn gerir breytingu á 1. gr. Ef keppandi (eða þar) er einn skráður til leiks í aldursflokki þá verður hann Íslandsmeistari í þeim flokki enda er hann þá sigurvegari í flokknum þó enginn annar sé skráður.

24.01.2026 Stjórn gerir þá breytingu að að keppni á Íslandsmótinu í meistaraflokkum annars vegar og 1. og 2. flokkum hins vegar fari fram á tveimur ólíkum helgum og keppt sé í riðlum fyrir útslátt. Einnig þá breytingu að Íslandsmót fatlaðra megi halda í samvinnu við ÍF og fari þá inn á styrkleikalista BTÍ.